

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu
Dags spænskrar tungu. Haldið í Veröld laugardaginn 23. apríl 2022 kl.
13.00**

Góðir gestir. Ég vil byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með þennan fallega dag sem helgður er spænskri tungu.

Í bókinni *Tungumál ljúka upp heimum: Orð handa Vigdísí*, sem út kom á 100 ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011, gera 27 íslenskir rithöfundar mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarlæsis að umtalsefni. Í bókinni leggur Pétur Gunnarsson áherslu á að „tungumál ljúki upp heimum“. Auður Ava Ólafsdóttir vekur athygli á mikilvægi móðurmálsins og hvetur okkur til að vera ekki eins og „útlendingar í eigin tungumáli“. Og loks Andri Snær Magnason sjónum að tungumálanámi barna og ungmenna og undirstrikar að hæfni og færni í tungumálum séu „grundvöllur gagnkvæmrar virðingar“.

Eitt megin verkefni Mála- og menningardeildar við Hugvísindasvið Háskóla Íslands er að rækta þessar áherslur. Þar eru um þessar mundir kennd 13 erlend tungumál, þ.e. arabíska, danska, enska, franska, gríska, ítalska, japanska, kínverska, latína, rússneska, spænska, sænska, og þýska, auk þess sem Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands stendur fyrir kennslu í hindí og pólsku. Til viðbótar er íslenska kennd við Íslensku- og menningardeild, ýmist á námsleiðum fyrir þá sem hafa Íslensku að móðurmáli eða fyrir þá sem læra tungumálið sem annað eða erlent tungumál.

Góðir gestir. Við erum komin saman hér í dag til að halda námi í spænsku sérstaklega á lofti, enda hefur tileinkun spænsku sem erlends máls vaxið fiskur um hrygg á Íslandi á undanförunum áratugum. Fyrir bragðið má gera ráð fyrir að nokkur hluti þjóðarinnar hafi vald á spænsku, allt frá því að hafa grunnþekkingu í málinu upp í að hafa góð tök á því. Þá hefur innflytjendum frá Spáni og spænskumælandi löndum Rómönsku-Ameríku farið fjölgandi hér á landi, einkum í kjölfar hruns fjármálastofnana og kreppunnar árið 2008.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands bjuggu hér á landi 657 spænskumælandi innflytjendur árið 2006. Þeim átti hins vegar eftir að fjölga mikið á næstu árum og 1. janúar 2020 voru þeir skv. gögnum Hagstofu Íslands orðnir 1.676. Til samanburðar má geta þess að í athyglisverðu gagnasafni Sameinuðu þjóðanna kemur fram að árið 2020 hafi 1.234 Íslendingar búið í spænskumælandi löndum, þar af 1.162 á Spáni. Erfitt getur þó reynst að fá áreiðanlegar upplýsingar um fjölda þeirra Íslendinga sem búa til lengri eða skemmri tíma á Spáni og er ekki ólíklegt að fjöldi þeirra sé yfir 4.000.

Spænska er næstútbreiddasta tungumál heims og hafa um 500 milljón manns hana sem þjóðtungu og móðurmál. Það er því ekki að undra að vinsældir spænskrar tungu og menningar á Íslandi séu miklar og hefur töluvert verið fjallað um það í fjölmiðlum og víðar. Greinargott yfirlit um þessa þróun er að finna í nýlegri bók eftir Hólmfríði Garðarsdóttur og meðhöfundum sem ber heitið á *Á fjarlægum ströndum* og þar sem stiklað er á stóru í sögu spænskukennslu á Íslandi á 20. og 21. öld.

Spænsku má læra í fjölmörgum grunnskólum og flestum framhaldsskólum landsins, hjá Tungumálamiðstöð og Endurmenntun Háskóla Íslands, auk Mála og menningardeildar. Um spænskunám við Háskóla Íslands segir í kennsluskrá:

„Í náminu fá nemendur undirstöðuþekkingu á máli og menningu þeirra landa sem hafa spænsku að þjóðtungu. Námið veitir góða þekkingu á spænskri tungu, bókmenntum, menningu, sögu og þjóðlífi hins spænskumælandi heims. Reynt er að gera námið eins lifandi og kostur er meðal annars með samskiptum við erlenda nemendur við Háskóla Íslands.“

Þessari blómlegu starfsemi verður fagnað hér í Veröld – húsi Vigdísar í dag með fjölbreyttri dagskrá. Meðal þess sem boðið verður upp á eru tungumálaprautir, vitnisburður tvítyngdra barna, landakynningar, kennsla í tangó-dansi, salsa og sevijanas, og margt, margt fleira, enda tjáir spænskan óendanlega marga veruleika og menningarkima.

Ég vil að lokum þakka námsleið í spænsku við Háskóla Íslands og félagi spænskukennara á Íslandi fyrir framtakið og öllum öðrum sem með einum eða öðrum hætti komu að undirbúningi dagskrárinnar.

Til hamingju með daginn og njótið dagskrárinnar sem í vændum er.

Takk fyrir.